

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 28. febrúar 2012
Tilvísun: 2012020257VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (heimildir Matvælastofnunar, kærufrestur, EES-reglur).

I.

Persónuvernd vísar til tölvubrÉfs frá atvinnuveganefnd Alþingis frá 15. febrúar 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (þskj. 503, 387. mál á 140. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Matvælastofnun verði veittur rafrænn aðgangur að farmskrárupplýsingum úr upplýsingakerfum töllyfirvalda vegna eftirlits með þeim vörum sem ákvæði 27. gr. a og b ná til. Þá er gert ráð fyrir að Matvælastofnun og starfsmenn hennar meðhöndli upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt ákvæðinu, sem trúnaðarupplýsingar og í samræmi við lög um persónuvernd.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að heimild Matvælastofnunar muni ná til upplýsinga um sendingarnúmer, nafn sendanda og móttakanda sendingarinnar, vörutegund, hitastig afurða, stærð flutningseiningar, magn í gámum, tegund umbúða, stærð pakkninga, latínuheiti afurðanna, heildarþyngd sendingar og annarra upplýsinga sem stofnunin þarf til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Þá segir einnig að ástæða breytingarinnar nú sé sú að í kjölfar eftirlitsferðar starfsmanna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hingað til lands hafi ESA komist að þeirri niðurstöðu að Ísland uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru í 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 134/2004, þar sem Matvælastofnun hafi ekki aðgang að gagnagrunnum og öðrum upplýsingum töllyfirvalda um farmskrár.

II.

Persónuvernd hefur nú farið yfir frumvarpið og telur að með framkomnu frumvarpi geti umrædd vinnsla stuðst við 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, enda sé miðlun frá töllyfirvöldum til Matvælastofnunar afmörkuð við tiltekna flokka upplýsinga og í samræmi við ákvæði 7. og 11. gr. laga nr. 77/2000.

Einnig er þeirri ábendingu komið á framfæri að með frumvarpinu fylgdu ekki athugasemdir við einstakar greinar. Telur Persónuvernd æskilegt að haga framsetningu athugasemda við frumvarp í samræmi við Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, útg. af forsætisráðuneytinu árið 2007, bls. 51-52, þannig að bæði sé þar að finna almennar athugasemdir og athugasemdir við einstakar greinar. Slíkt er meðal annars nauðsynlegt til að eyða vafa um hversu ríkar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga einstök lagaákvæði veiti.

Virðingarfyllst


Vigdís Eva LINDAL